## Heildsalar og framleiðendur ath.

Duglegur og reynslumikill sölumaður getur bætt við sig verkefnum á Norður- og Austurlandi, bæði við sölu og áfyllingar í verslunum, allt kemur til greina.
Er með sendiferðabíl og lagerhúsnæði á Akureyri til umráða.
**Upplýsingar hjá Rúnari síma 848 3256 eða á dreifing@simnet.is**



## VERKEFNISSTJÓRI

### Á VERKEFNASTOFU VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Laust er til umsóknar fullt starf verkefnisstjóra H2020 rannsóknarverkefna á Verkefnastofu. Starfið er tímabundið til tveggja ára. Verkefnisstjórinn verður hluti af sameiginlegri Verkefnastofu Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Hlutverk stofunnar er að aðstoða rannsakendur við verkefnisstjórnun alþjóðlegra rannsóknarverkefna. Starfið er nýtt, fjölbreytt og spennandi. Það krefst skipulagshæfni og leikni í mannlegum samskiptum á alþjóðavísu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf, framhaldsnám er kostur
- Menntun eða reynsla í verkefnisstjórnun
- IPMA vottun eða sambærilegt er æskilegt
- Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti er nauðsynleg
- Framúrskarandi samskiptahæfni, nákvæmni, útsjónarsemi og jákvæðni
- Sjálfstæð, skipulögð og lausnamiðuð vinnubrögð
- Æskilegt er að viðkomandi kunni skil á aðferðum verkefnastjórnunar og reikningshaldi
- Þekking á rannsóknarsjóði H2020 (Horizon 2020) er kostur

**Starfssvið:**

- Fagleg verkefnisstjórnun H2020 rannsóknarverkefna
- Samskipti við þátttakendur í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum
- Yfirsýn yfir rekstrarstöðu rannsóknarverkefna

**Umsóknarfrestur er til og með 8. janúar 2018.**
Sótt er um starfið hér: **www.hi.is/laus_storf**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

## Fasteignasalar



**Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir samstarfi við fasteignasala/fasteignasölu við markaðssetningu og sölu lóða fyrir atvinnuhúsnæði og athafnasvæði í og við þéttbýli Þorlákshafnar.**

Skilyrði er að í umsókn komi fram hugmyndir um utanumhald og framkvæmd verkefnisins og þóknun.

Umsóknarfrestur er til miðnættis **17. desember.**

Umsóknir, ásamt öllum fyrirspurnum skulu sendar á netfangið **fasteignir@olfus.is**

ÖLFUS
olfus.is

# Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu



Stjórn Vestfjarðastofu ses. auglýsir eftir framkvæmdastjóra til þess að leiða starfsemi Vestfjarðastofu sem tók til starfa 1. desember sl. Vestfjarðastofa varð til við sameiningu verkefna sem áður heyrðu undir Fjórðungssamband Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa, fjölbreyttu menningarstarfi og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ná með öflugu samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis hins opinbera.

Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu leiðir starfsemina og er ábyrgur gagnvart stjórn fyrir yfirstjórn og daglegum rekstri Vestfjarðastofu í umboði stjórnar. Hann undirbýr stefnumörkun, rýnir markmið og aðgerðir og vaktar innleiðingu stefnu Vestfjarðastofu í samvinnu við stjórn og starfsmenn. Framkvæmdastjóri undirbýr rekstrar- og starfsáætlun Vestfjarðastofu og ber ábyrgð á að reksturinn rúmist innan gildandi áætlana á hverjum tíma.

**Menntunarkröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði, framhaldsmenntun æskileg
- Haldbær reynsla af rekstri og farsæl stjórnunarreynsla
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og innleiðingu stefnu er skilyrði
- Þekking á opinberri stjórnsýslu/málefnum sveitarfélaga er æskileg

**Kröfur um hæfni**

- Leiðtogahæfni og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta til að sýna frumkvæði og rík skipulagshæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og geta til að taka þátt í mótun og stjórnun breytinga
- Rík aðlögunarhæfni og geta til að starfa undir álagi
- Hæfni til að miðla flóknum upplýsingum á einfaldan hátt í töluðu og rituðu máli

**Upplýsingar veita:**

**Katrín S. Óladóttir** katrin@hagvangur.is
**Geirlaug Jóhannsdóttir** geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 18. des. nk.**

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.

Farið verður með fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



**Veðurstofa Íslands**

# Sérfræðingur í Kerfisstjórnun

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í kerfisstjórnun, til að sinna viðhaldi og rekstri á sérhæfðum miðlægum kerfum Veðurstofunnar, sem og taka þátt í hönnun og þróun á þeim. Viðkomandi mun starfa í upplýsingatæknihópi Veðurstofunnar sem er hluti af ***Fjármála- og rekstrarsviði***.

**Meginhlutverk**
Veðurstofan rekur mörg krefjandi og sérhæfð upplýsingatæknikerfi í 24/7 umhverfi. Sérfræðingurinn er hluti af öflugu teymi og kemur til með að hafa umsjón með, setja upp, prófa og í sumum tilfellum reka þessi sérhæfðu kerfi. Starfið felur í sér kerfishönnun og þátttöku í þróunarferlum, ásamt því að koma kerfum/hugbúnaði í rekstur. Viðkomandi sér um samskipti við þjónustuaðila ef svo ber undir.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og/eða farsæl reynsla á sviði tölvunar- eða kerfisfræði
- Farsæl reynsla af umsjón og rekstri Linux tölvukerfa
- Þekking á hugbúnaðarþróun
- Frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Hæfni í kerfislæsi, þ.e. hæfni til að fá fljótt örugga yfirsýn yfir flókin kerfi/verkefni
- Æskileg er reynsla af kerfishönnun sem miðar að því að ná háum uppitíma
- Þekking á DevOps aðferðum er kostur
- Þekking á netkerfum og fjarskiptum er kostur
- Þekking á skjölun tölvukerfa er kostur
- Kunnátta í forritun í Python er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Vigfús Gíslason**, hópstjóri upplýsingatækni (**gislason@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**) í síma 522 6000.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á **www.starfatorg.is**.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. desember nk.**

*Gildi Veðurstofunnar eru* ***þekking, áreiðanleiki, framsækni*** *og* ***samvinna***. *Ráðningar hjá stofnuninni taka mið af þessum gildum.*

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 135 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 100 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e.* ***lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum og hafi***. *Starfsemin fer fram á fjórum sviðum:* ***Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði og Úrvinnslu- og rannsóknasviði.***

*Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar* ***www.vedur.is***

www.vedur.is
522 6000

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

## Starf skjalavarðar/ upplýsingafræðings

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum óskar að ráða skjalavörð/upplýsingasfræðing til starfa í 70% starf frá og með 1. febrúar 2018.

**Helstu verkefni:**
- Móttaka og skráning erinda/mála.
- Frágangur skjala/mála í málaskrá.
- Leitir í skjalasafni, upplýsingaöflun og –miðlun.
- Pökkun skjala og skráning í geymsluskrá til afhendingar á Þjóðskjalasafn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun/reynsla á sviði bókasafns- eða upplýsingafræði.
- Þekking og reynsla af skjalastjórnunarkerfum reynsla af notkun GoPro kostur
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Ábyrgð, nákvæmni og vandvirkni.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Mjög gott vald á íslensku er skilyrði.
- Mjög góð kunnátta í ensku er nauðsynleg og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Hæfni við miðlun upplýsinga.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum og samstarfshæfni.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármála- og efnahagsráðherra. Upplýsingar um starfið veitir Sigurborg Stefánsdóttir, fjármálastjóri, í síma 5254010

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Árnagarði við Suðurgötu, 101 Reykjavík eða í tölvupósti á póstfangið rakelp@hi.is eigi síðar en **mánudaginn 18. desember 2017.**




# Opportunities at Tern Systems

**Software Engineer**
Working within a development team in designing, implementing and deploying new software functions as well as improvements to current air traffic control systems.

**Lead Graphics Software Engineer**
Lead development of Tern Systems 3D environment for the air traffic control tower simulator. Working with the simulator development team on new functionality, improvements and special effects.

**Front End Software Engineer**
To work with designers and software engineers in implementing and deploying front end components in the air traffic control domain.

**Test Engineer**
Working within a development team in ensuring that software systems meet requirements of the air traffic control domain.

To apply send your CV to jobs@tern.is. For further information contact Tómas D. Þorsteinsson on 525-0500 or at tomas@tern.is. For more information see www.tern.is

Tern Systems provides mission critical Air Traffic Control solutions for customers in Europe, Africa and Asia.

Tern Systems

Ásbrú fasteignir

# Yfirverkefnastjóri

Ásbrú fasteignir í Reykjanesbæ leita að öflugum aðila með mikla reynslu af verklegum framkvæmdum.

Umsóknarfrestur
**11. desember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6093**

Starfssvið
- Umsjón með verklegum framkvæmdum.
- Verkefnastjórnun og eftirlit með framkvæmdum.
- Samningagerð við verktaka.
- Útboðslýsingar/útboðsgerð og innkaup.
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana.
- Skýrslugerð, gagnasöfnun og úrvinnsla.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í byggingarverkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda.
- Reynsla af áætlanagerð.
- Reynsla af samningagerð og samskiptum við verktaka.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði í starfi.

235 FASTEIGNIR

Ásbrú fasteignir er félag sem vinnur að útleigu, þróun og sölu fasteigna. Á skrifstofu félagsins starfa nú 5 starfsmenn. Félagið var stofnað um kaup á eignum að stærð 80.000 m² af íbúðar- og atvinnuhúsnæði á Ásbrú.

Heimasíða félagsins er www.235.is.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ríkiseignir

# Verkefnastjóri

Ríkiseignir óska eftir að ráða verkefnastjóra til að annast verkefni er varða land og jarðir í eigu ríkisins. Um er að ræða afar fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Umsóknarfrestur
**18. desember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6090**

Helstu verkefni
- Hagsmunagæsla varðandi nýtingu lands, gæða og auðlinda á ríkisjörðum.
- Ráðgjöf um verðmætasköpun og framtíðarþróun.
- Skilvirk og hagkvæm meðferð jarða og auðlinda.
- Fyrirsvar og upplýsingagjöf vegna sölu, leigu eða ábúðar á ríkisjörðum.
- Aðstoð við uppgjör og frágang við lok ábúðar- og leigusamninga.
- Aðstoð við gerð gagnagrunns um land og auðlindir.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf eða önnur framhaldsmenntun sem nýtist í starfi.
- Stjórnunarreynsla, s.s. verkefnastjórnun.
- Reynsla af eignaumsýslu og verkefnum tengdum landbúnaði er kostur.
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.

Ríkiseignir
byggingar, land og auðlindir

Ríkiseignir hafa umsjón með fasteignum, jörðum og auðlindum í eigu ríkisins í umboði fjármálaráðuneytis. Hlutverk Ríkiseigna er að tryggja örugga og hagkvæma umsýslu þessara eigna. Umsýsla fasteigna felst einkum í útleigu húsnæðis til stofnana ríkisins, viðhaldi fasteigna og daglegum rekstri þeirra. Umsýsla jarðeigna felst aðallega í útleigu og ábúð á ríkisjörðum, umsjón með leigusamningum og samskiptum við leigutaka og ábúendur. Að auki annast Ríkiseignir umsýslu og skráningu auðlinda í eigu ríkisins.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

HÉÐINN

**Héðinn hf.** er eitt stærsta fyrirtæki landsins í málmiðnaði og véltækni, með 120 starfsmenn. Starfsemin skiptist í tæknideild, véladeild, plötuverkstæði, renniverkstæði og Rolls-Royce Marine þjónustu. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Gjáhellu 4 í Hafnarfirði, en einnig rekur Héðinn þjónustuverkstæði á Grundartanga.

# Vélahönnuður

**Héðinn hf.** óskar eftir að ráða öflugan vélahönnuð til starfa. Margvísleg verkefni eru framundan sem snúa aðallega að eigin vörum fyrirtækisins, en einnig að sérverkefnum fyrir viðskiptavini. Unnið er í alþjóðlegu umhverfi en viðskiptavinir fyrirtækisins eru bæði hér á landi og erlendis.

**Starfssvið:**
- Þróun og hönnun á vélbúnaði í tæknideild Héðins
- Þátttaka í uppsetningu og prófunum
- Ráðgjöf til viðskiptavina

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Vélaverkfræðingur eða tæknifræðingur
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í samskiptum og rík þjónustulund

**Upplýsingar veitir:**
**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
**Umsóknarfrestur er til og með 12. des. nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Silfurtún
Dvalar- og hjúkrunarheimili



# Hjúkrunarforstjóri Silfurtúns

Staða hjúkrunarforstjóra Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns í Búðardal er laus til umsóknar. Silfurtún er lítið heimili með 13 íbúum. Búðardalur er í 160 km fjarlægð frá Reykjavík. Stefnt er að því að viðkomandi hefji störf 1. febrúar 2018.

**Starfssvið:**
- Hjúkrun
- Ábyrgð á rekstri, daglegri stjórnun og starfsmannahaldi heimilisins
- Ábyrgð á faglegri þróun

**Hæfniskröfur:**
- Hjúkrunarfræðimenntun
- Stjórnunarreynsla
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og skipulega

**Upplýsingar veitir:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir**
geirlaug@hagvangur.is.
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 10. des. nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**



# NetApp is hiring!

We hire exceptionally talented people and support them to do what they do best. We value our employees' input greatly, and urge them to take initiative and be innovative. Looking after our people is an important part of how we do business. We nurture a dynamic and exciting workplace, with great opportunity for career acceleration. NetApp has been listed in the top 5 of the World's Best Multinational Workplaces for 5 consecutive years.

## Senior Software Engineer

As an experienced developer, you will take a leading role in design and implementation of our current and future products. You are comfortable working on existing or new code, and able to quickly understand code architecture. You will mentor new team members and lead by example.

## Software Engineer

As a part of our core team, you are comfortable working in a team of motivated people. You will work on implementing new solutions, as well as adding to existing codebases.

## Quality Assurance Engineer

As a part of our QA team, you'll execute manual tests, implement integration tests and help with our automation efforts. Working closely with our development and SRE teams on deployment verifications, you'll also assist with adding new components to our build pipeline and testing suite.

## Site Reliability Engineer (Cloud Operations)

As a Site Reliability Engineer (SRE), you'll engage in and improve the lifecycle of services from design through deployment, operation and refinement. You'll maintain services by measuring and monitoring availability, latency and overall system health.

## Frontend Developer

As a part of our frontend development team, you will work on implementing, testing and debugging our current and future products.

**Do you want to take part in building a True Hybrid Cloud Concept in partnership with the biggest tech companies in the world such as Microsoft and AWS?**

Do you love finding creative solutions to difficult challenges? Do you thrive as part of a committed team? Do you want to make an impact and help your career and your company advance together?

Then join our Reykjavik team and help accelerate the leadership of NetApp in Hybrid Cloud globally.

Visit www.qstack.com/careers to apply and find out more information. Note that only applications in English will be accepted.

NetApp is the leader in data insight, access, and control for hybrid cloud environments. NetApp provides global organizations the ability to manage and share their data across on-premises, private, and public clouds.

# STÖRF Í BOÐI

Við hjá Einingaverksmiðjunni óskum eftir umsóknum um framtíðarstörf hjá fyrirtækinu.

Við leitum að:

- **Vélvirkjum/**vélstjórum í viðhald og nýsmíði.
- **Smiði** í mótasmíði.
- **Lagerstarfsfólki** m. vinnuvélaréttindi og/eða meirapróf.

Umsóknir óskast sendar á svanur@ev.is fyrir 12. des.
Nánari upplýsingar fást á skrifstofu í síma 414 8770

Einingaverkmiðjan var stofnuð árið 1994. Frá upphafi hefur fyrirtækið framleitt forsteyptar einingar til húsbygginga. Innan fyrir-tækisins hefur skapast gríðarleg sérþekking og verkkunnátta í áranna rás. Við höfum á að skipa öflugum tækjabúnaði og afar fullkominni verksmiðju. Frá árinu 2008 höfum við einnig rekið verksmiðju í Færeyjum eftir að hafa flutt forsteyptar einingar þangað í allmörg ár.

EININGAVERKSMIÐJAN

---

## ELECTRICAL ENGINEER AND MECHANICAL ENGINEER

**(TEMPORARY UP TO 2 YEARS PROJECT)**

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöður Mechanical Engineer og Electrical Engineer lausar til umsóknar.
**Umsóknarfrestur er til og með 17. desember 2017.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individuals for the positions of Electrical Engineer and Mechanical Engineer.
**The closing date for both postions is December 17, 2017.**
Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Please send your application and resumé to:
reykjavikvacancy@state.gov

---




## Verkefnastjóri hjá Verkefnastofu RB

Við leitum að kraftmiklum verkefnastjóra á Verkefnastofu RB. Um þessar mundir eru í gangi nokkur stór og mjög spennandi verkefni hjá RB, meðal annars verkefni sem er einstakt á heimsvísu. Verkefnið felur í sér útskipti grunnkerfa banka sem starfa með rauntímagreiðslumiðlun — en það hefur hvergi í heiminum verið gert áður. Einnig vinnur RB nú að áhugaverðu verkefni sem varðar greiðslur, þar sem farnar eru algjörlega nýjar leiðir.

RB er framúrskarandi fyrirtæki samkvæmt lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki á Íslandi 2016. Einungis 1,7% fyrirtækja á Íslandi eru á þeim lista.

RB hefur fengið gullmerki jafnlaunaúttektar PWC.

### HELSTU VERKEFNI

**Verkefnastofa heyrir undir Fjármála- og verkefnastjórn hjá RB. Starfið felur í sér mikil samskipti við starfsfólk þvert á fyrirtækið, sem og við viðskiptavini og birgja RB. Verkefnastjóri hjá Verkefnastofu ber ábyrgð á:**

- Áætlanagerð og uppgjöri verkefna
- Daglegri stjórnun og rekstri umfangsmikilla verkefna hvað varðar tíma, kostnað, aðföng og gæði

### HÆFNISKRÖFUR

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tæknifræði, MPM
- A.m.k. 5 ára reynsla af stýringu verkefna og/eða stjórnun mannauðs
- Vottun í aðferðafræði verkefnastjórnunar (Prince2, IPMA) og agile er kostur
- Þekking á ITIL og bankakerfum er kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Framúrskarandi samskiptahæfni, þjónustulund og lausnamiðuð hugsun
- Sjálfstæði, skipulögð vinnubrögð og mikill metnaður til að ná árangri



**ÍRIS HLÍN VÖGGSDÓTTIR**
**ÖRYGGISSTJÓRN**

„Það sem fékk mig til að hefja störf hjá RB var vinnustaðurinn og hve vel er hugsað um starfsfólkið. Ég hlakka til að koma til vinnu á hverjum degi að hitta þetta yndislega fólk."

Nánari upplýsingar um starfið veitir Herdís Pála Pálsdóttir, framkvæmdastjóri Mannauðs- og markaðsstjórnar, **herdis.pala.palsdottir@rb.is**, sími 569 8877.

**Umsóknarfrestur er til 10. desember.**
Óskað er eftir því að áhugasamir fylli út umsóknir á heimasíðu RB, **www.rb.is**.
Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

**NÁNAR UM RB**

RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megingreiðslukerfi landsins. Helstu viðskiptavinir RB eru fjármálafyrirtæki og vátryggingafélög. Framtíðarsýn RB er að auka gæði og hagkvæmni fjármálaþjónustu á Íslandi. RB nær því með þróun framsækinna og öruggra lausna og þjónustu sem eru bæði vel samþættar og samnýttar af markaðnum. Hjá RB starfar margt af öflugasta upplýsingtæknifólki landsins.

Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, öryggi og ástríða eru undirstaða allra verka.

**REIKNISTOFA BANKANNA** | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is

ÁRNASYNIR

---

## Starfsmann vantar í fullt starf sem fyrst

Pólýhúðun ehf. hefur verið stöðugt og öflugt fyrirtæki í duftlökkun (powder coating) síðastliðin 20 ár.
Helstu verkefni er duftlökkun og sandblástur fyrir málm-, bygginga- bíla- og hönnunariðnaðinn á Íslandi.

**Starfslýsing og helstu verkefni**

Hlutverk starfsmanns er að aðstoða við að undirbúa málmhluti til lökkunar og frágang til afgreiðslu ásamt öðrum tilfallandi störfum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

Starfsmaður þarf að tala og skilja íslensku, vera heilsuhraustur, eiga góð mannleg samskipti og vera stundvís. Kostur að hafa lyftararéttindi og iðnmenntun.

**Starfskjör/launakjör**

Fer eftir hæfni, þekkingu og reynslu

Tekið er við umsóknum á staðnum og netfangið: polyhudun@polyhudun.is fyrir **12. desember 2017.**

Pólýhúðun
Powder coating
Smiðjuvegi 3 • 200 Kópavogur • Sími 544 5700 • www.polyhudun.is

---

Embassy
of the Federal Republic of Germany
Reykjavik

## Job Vacancy

**The Embassy of the Federal Republic of Germany is looking for a driver with additional craftsman's skills starting from February 2018**

The applicant should have the following qualifications:

- **High School Diploma**
- **Category B Driver's Licence and driving experience**
- **Work experience**
- **Good command of Icelandic and English (knowledge of German added plus) Computer Literacy**
- **Strong Working and Personal Skills**

For more detailed information on requirements and job description please consult the embassy's website:
**http://www.reykjavik.diplo.de**

Please forward your application in English or German until **31st December 2017.**

---

## Heildsalar og framleiðendur ath.

Duglegur og reynslumikill sölumaður getur bætt við sig verkefnum á Norður- og Austurlandi, bæði við sölu og áfyllingar í verslunum, allt kemur til greina.
Er með sendiferðabíl og lagerhúsnæði á Akureyri til umráða.
**Upplýsingar hjá Rúnari síma 848 3256**
**eða á dreifing@simnet.is**

# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**

Sif stýrir flugumferð
í flugturninum í Keflavík.




## AÐSTOÐARMENN
## Í FLUGTURNI

Við leitum að fólki í störf aðstoðarmanna í flugturn á Keflavíkurflugvelli. Helstu verkefni eru að miðla flugheimildum til flugmanna, vakta og vinna úr skeytum í flugstjórnarkerfum, skráning í gagnagrunna, auk annarra verkefna sem stjórnendur ákveða.

**Hæfniskröfur**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Tölvukunnátta og góður skrifhraði á tölvu er æskilegur
- Góð enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli (gerum kröfu um ICAO level 4 að lágmarki)
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Reglusemi og snyrtimennska

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Ólafsson yfirflugumferðarstjóri, **haraldur.olafsson@isavia.is**.

## UMSJÓNARMAÐUR
## FLUGUPPLÝSINGAKERFA

Við óskum eftir að ráða umsjónarmann flugupplýsingakerfa sem hefur daglega umsjón með flugupplýsingakerfum Isavia, notendaþjónustu, yfirferð á gögnum auk fleiri verkefna.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af störfum á flugvelli er mikill kostur
- Góð tækni- og tölvukunnátta er skilyrði
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar veitir Sævar Garðarsson, deildarstjóri eignaumsýslu, **saevar.gardarsson@isavia.is**.

Umsækjendur þurfa að vera með hreint sakavottorð. Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnskoðunar lögreglu. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

**Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.**

**Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.**

STARFSSTÖÐ:
**KEFLAVÍK**

UMSÓKNIR:
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

UMSÓKNARFRESTUR:
**17. DESEMBER 2017**

isavia




## Lögfræðiráðgjöf Arion banka leitar að lögfræðingi

Í lögfræðiráðgjöf Arion banka er unnið að krefjandi úrlausnarefnum fyrir öll svið bankans, þar sem kappkostað er að veita fyrsta flokks þjónustu. Laust er starf lögfræðings sem veitir þjónustu á sviði verðbréfamarkaðsréttar, fjármunaréttar og félagaréttar, ásamt því að veita ráðgjöf um lög og reglur á sviði lífeyrismála.

### Helstu verkefni

- Almenn lögfræðiráðgjöf
- Ritun álita
- Samninga- og skjalagerð
- Samskipti við opinbera aðila og viðskiptavini

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf í lögfræði
- Lögmannsréttindi eru æskileg
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Góð þekking og reynsla á sviði verðbréfamarkaðsréttar er æskileg
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir **Jónína S. Lárusdóttir**, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs, netfang jonina.larusdottir@arionbanki.is, sími 444 6120. Einnig er hægt að hafa samband við **Brynju B. Gröndal** mannauðstjóra, netfang brynja.grondal@arionbanki.is, sími 444 6386.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2017. Sótt er um starfið á arionbanki.is.**

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR
VR-15-024

Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og síðan árið 2015 höfum við árlega fengið Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast.**

Arion banki
– fyrir framtíðina

---

STRÁ

**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

**www.stra.is**



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

---

# Rauði krossinn á Íslandi vill ráða tvo mikilvæga liðsmenn

## Sviðsstjóri Fjáröflunar og kynningarmála

**Ábyrgðasvið**

- Fjáröflun til mannúðarstarfs félagsins
- Kynningar- og markaðsmál
- Stefnumótun, markmiðasetning, áætlanagerð og stjórnun

**Hæfnikröfur**

- Háskólapróf á sviði viðskipta, markaðsmála eða tengdra greina
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- Sjálfstæði, fagmennska og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Mjög góð rit- og talfærni á íslensku og ensku

## Rekstrarstjóri Fataverkefnis

**Ábyrgðasvið**

- Yfirumsjón með fataverkefni félagsins, þ.m.t. söfnun, flokkun og sölu fatnaðar í verslunum Rauða krossins um allt land
- Viðskiptaþróun, markmiðasetning, áætlanagerð og stjórnun
- Stuðningur við deildir og sjálfboðaliða félagsins
- Gæðastjórnun

**Hæfnikröfur**

- Háskólapróf á sviði viðskipta, markaðsmála eða tengdra greina
- Rekstrarreynsla/reynsla af verslunarrekstri
- Sjálfstæði, fagmennska og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Lipurð í samskiptum og jákvætt hugarfar
- Ástríða fyrir tísku og endurnýtingu fatnaðar er kostur
- Reynsla af vinnu með sjálfboðaliðum er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 29. desember nk.** Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn á netfangið starf@redcross.is. Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
**Allar nánari upplýsingar** veitir Dögg Guðmundsdóttir – dogg@redcross.is

Rauði krossinn á Íslandi er félag sjálfboðaliða sem stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að verkefnum sem snúa að félagslegu öryggi og neyðarvörnum vegna áfalla og hamfara. Meginhlutverk Rauða krossins á Íslandi er að bregðast við hvers konar neyð hvort heldur er af náttúru- eða mannavöldum, standa vörð um og aðstoða þá sem verst eru staddir í samfélaginu og veita aðstoð er gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum. Félagar í Rauða krossinum á Íslandi eru yfir 20 þúsund og skráðir sjálfboðaliðar yfir 3000 sem starfa í 42 deildum um land allt. Rauði krossinn er elsta og umfangsmesta mannúðarhreyfing í heimi með um 100 milljónir félagsmanna og sjálfboðaliða í 192 löndum.

RAUÐI KROSSINN · ICELANDIC RED CROSS

IDEX

## Almennt skrifstofustarf

**Idex ehf óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf.**

**Starfssvið:**
- Öll almenn bókhalds innheimtu, toll og launavinnsla.
- Samskipti við stjórnendur og endurkoðanda fyrirtækisins

**Hæfniskröfur:**
- Góð og haldbær þekking á bókhaldi, innheimtu, tollskjalagerð og launavinnslu
- Rík þjónustulund og famúrskarandi mannleg samskipti
- Metnaður til að skila góðri vinnu.
- Nákvæmni og hugkvæmni
- Reynsla í skilum uppgjörs til endurskoðanda er skilyrði.

**Umsóknum skal skilað með tölvupósti til idex@idex.is**




## Verkfræðingur eða tæknifræðingur á hönnunardeild á Akureyri

VEGAGERÐIN

*FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI*

Vegagerðin auglýsir eftir byggingarverkfræðingi eða byggingartæknifræðingi á hönnunardeild með starfsstöð á Akureyri. Um er að ræða fullt starf, við hönnun umferðarmannvirkja.

Á hönnunardeild vinna um 18 manns við ýmis hönnunar-, þróunar- og rannsóknarverkefni, sem tengjast umferðarmannvirkjum.

Við erum að leita eftir verk- eða tæknifræðingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi verkefni á sínu fagsviði frá frumstigum hönnunar til framkvæmda. Fjölmörg verkefni eru framundan varðandi uppbyggingu vegakerfisins á Íslandi. Um er að ræða spennandi starf við hönnun vega í krefjandi umhverfi, um fjallvegi, firði og í þéttbýli.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Vinna við hönnun vega.
- Verkefnastjórn hönnunar.
- Verkefni tengd viðhaldi vega.
- Þátttaka í rannsóknarverkefnum tengdum umferðarmannvirkjum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Byggingarverkfræðingur, M.Sc. eða byggingartæknifræðingur B.Sc.
- Þekking og reynsla í notkun teikni- og hönnunarforrita.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.
- Kunnátta í ensku og einhverju Norðurlandamáli.



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 18. desember. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Valur Guðmundsson, forstöðumaður hönnunardeildar (gudmundur.v.gudmundsson@vegagerdin.is) í síma 522 1000.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## *Sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf*

GAMMA
Ráðgjöf

**Vegna aukinna umsvifa leitum við að öflugum liðsmanni í hóp fyrirtækjaráðgjafar GAMMA.**

GAMMA Ráðgjöf hefur frá stofnun félagsins veitt bæði efnahags- og fyrirtækjaráðgjöf og unnið að greiningum fyrir stjórnvöld, sjóði, sveitarfélög, fyrirtæki og erlenda aðila.

Fyrirtækjaráðgjöf veitir fyrirtækjum og fjárfestum m.a. ráðgjöf í tengslum við kaup og sölu á fyrirtækjum, ráðgjöf við hlutabréfa- og skuldabréfafjármögnun og aðstoðar við greiningu á mörkuðum og viðskiptatækifærum erlendis.

**Helstu verkefni:**
- Verðmat og greining á fyrirtækjum og fjárfestingakostum
- Uppsetning á nýjum fagfjárfestasjóðum
- Gerð kynningargagna
- Kynning og rökstuðningur greiningarefnis
- Samskipti við viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun og framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla í fyrirtækjaráðgjöf eða sambærilegu starfi
- Þekking á reikningshaldi kostur
- Gott vald á notkun íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og kraftur

**Nánari upplýsingar veitir Þórður Ágúst Hlynsson, forstöðumaður GAMMA Ráðgjafar, netfang: thordur@gamma.is.
Umsóknir óskast sendar á elka@gamma.is ásamt ferilskrá.
Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2017.**





# MÁ BJÓÐA ÞÉR RAFMAGNAÐA FRAMTÍÐ?

Við leggjum áherslu á að skapa góðan vinnustað með spennandi verkefnum þar sem okkar starfsfólk hefur áhrif, nýtur stuðnings, góðrar þjálfunar í starfi og hefur tækifæri til þróunar.

## Forstöðumaður upplýsingatækni

Landsnet leitar að leiðtoga með drifkraft og áhuga á því að tryggja öruggan rekstur upplýsingatæknikerfa Landsnets í takt við þá mikilvægu starfsemi sem fyrirtækið rekur.

**Leitum við að þér?**
Ef svo er þá hefur þú tækifæri til þess að bera ábyrgð á daglegum rekstri og þróun upplýsingatæknimála hjá Landsneti og gegna þannig lykilhlutverki við stjórnun orkustjórnkerfis landsins. Þitt hlutverk verður m.a. rekstur orkustjórnkerfa, stoðkerfa og skrifstofukerfa, samskipti við birgja og verktaka ásamt því að standa vörð um upplýsingaöryggi innan fyrirtækisins.

Okkur vantar einstakling með tækniþekkingu og stjórnunarreynslu sem getur leitt hópinn í daglegum störfum, hefur reynslu af ferlamiðuðum rekstri ásamt því að stýra tæknilegri stefnumótun. Góð öryggisvitund og þekking á áhættugreiningu upplýsingaöryggis er forsenda árangurs í þessu starfi.

Upplýsingatækni fer með veigamikið hlutverk í allri starfsemi Landsnets og gerir okkur kleift að stjórna flutningskerfi raforku með öryggi að leiðarljósi. Einingin tekur einnig þátt í þeirri þróun sem á sér stað í rekstri flutningskerfisins á sviði snjallnetslausna þar sem upplýsingatækni og fjarskipti eru undirstaða frekari þróunar.

**Umsóknarfrestur er til og með 9. desember 2017**
Nánari upplýsingar veitir Íris Baldursdóttir, framkvæmdastjóri Kerfisstjórnunarsviðs, sími: 563-9300; netfang, iris@landsnet.is og Ólafur Kári Júlíusson, mannauðssérfræðingur, sími: 563-9300, netfang: mannaudur@landsnet.is

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Viltu vita meira um okkur hjá Landsneti, kíktu á www.landsnet.is, fylgdu okkur á Twitter, Facebook og á Landsnets-appinu.

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

---

Reykjavíkurborg
Skóla - og frístundasvið

## Stærðfræðikennari í Árbæjarskóla

**Laus er staða kennara í stærðfræði í Árbæjarskóla**
Árbæjarskóli er einn stærsti grunnskóli landsins, staðsettur í einstöku umhverfi Elliðaárdalsins. Árbæjarskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk og eru nemendur um 630 talsins. Skólinn er safnskóli á unglingastigi en til náms í 8. bekk koma saman nemendur þriggja skóla, Árbæjarskóla, Ártúnsskóla og Selásskóla. Starfsmenn skólans eru um 90 sem sinna mismunandi störfum í þágu nemenda. Allt starf Árbæjarskóla byggir á teymisvinnu þannig að mikil samvinna ríkir um alla þætti skólastarfsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Annast kennslu nemenda í samráði við skólastjórnendur og viðkomandi fagteymi.
- Vinnur að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum.
- Stuðlar að velferð nemenda í samstarfi við annað fagfólk og foreldra.

**Hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Faglegur metnaður.
- Reynsla og áhugi á að vinna með börnum.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
**Ráðið verður í starfið frá 1. janúar 2018.**
**Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2017.**
